

Garðabær

Skýrsla persónuverndarfulltrúa

Fyrir árið 2022

Sigríður Logadóttir
1-19-2023

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Fræðsla og leiðbeiningar	3
Úttekt Persónuverndar	3
Áhættumat og MÁP hugbúnaðarlausna/kerfa	4
Öryggisbrestir og frávik	4
Úrskurðir Persónuverndar (PV) og úrskurðarnefndar um upplýsingamál (ÚNU)	5
Áherslur næsta árs	5

Inngangur

Skýrsla þessi nær yfir árið 2022 og verður í henni farið yfir helstu störf persónuverndarfulltrúa á síðasta ári.

Garðabær líkt og önnur sveitarfélög vinnur með gríðarlegt magn af persónuupplýsingum. Það hvílir því rík skylda á sveitarfélaginu að gæta vel að meðferð og öryggi upplýsinga sem oft er ekki einfalt. Ekki er annað að sjá og finna en að starfsmenn bæjarins séu vel meðvitaðir um persónuvernd og vandi sig í störfum sínum.

Á tímabilinu gengu tveir úrskurðir Persónuverndar (PV) og sex úrskurðir úrskurðarnefndar upplýsingamála (ÚNU). Felld voru niður fimm mál hjá ÚNU og beðið er úrskurðar í þremur málum. Hjá Persónuvernd bíður eitt mál úrskurðar.

Um hlutverk persónuverndarfulltrúa er ítarlega fjallað í lögnum og reglugerðinni. Persónuverndarfulltrúi þarf að vera sjálfstæður, sérfræðingur í persónuverndarlöggjöfnni, hafa fullnægjandi aðstöðu og mannafla og hafa beinan aðgang að æðstu yfirstjórn. Þá er hlutverk hans einnig að veita ráðgjöf um persónuvernd og eiga samstarf við Persónuvernd og vera fulltrúi fyrirtækisins eða stofnunarinnar gagnvart Persónuvernd. Þá er persónuverndarfulltrúi fulltrúi gagnvart íbúum sem óska eftir að nýta rétt sinn, m.a. með kröfu um aðgang að gögnum.

Tryggja ber að persónuverndarfulltrúinn komi með viðeigandi hætti og tímanlega að öllum málum er tengjast vernd persónuupplýsinga. Honum skal m.a. boðið að funda með yfirstjórn reglulega, vera viðstaddur þegar ákvarðanir um aðgerðir vegna vinnslu persónuupplýsinga eru teknar og gefa þarf honum möguleika á að gefa viðeigandi ráð. Ef ekki er farið að ráðum persónuverndarfulltrúans þarf að skrásetja það sérstaklega.

Samkvæmt gátlista Persónuverndar eru verkefni persónuverndarfulltrúa eftirfarandi:

- Persónuverndarfulltrúi skal hafa eftirlit með því að farið sé að persónuverndarlöggjöfnni, innri stefnum um persónuvernd og stuðla að vitundarvakningu, sinna fræðslu og framkvæma úttektir.
- Taka skal mið af ráðleggingum persónuverndarfulltrúans og þeim upplýsingum sem hann veitir varðandi persónuverndarlöggjöfina.
- Persónuverndarfulltrúinn á ekki að taka ákvarðanir um vinnslu persónuupplýsinga heldur veita ráðgjöf og sinna eftirliti.
- Þegar MÁP (mat á áhrifum á persónuvernd) fer fram þá skal leita ráða hjá persónuverndarfulltrúanum sem hefur jafnframt eftirlit með ferlinu.
- Persónuverndarfulltrúi sinnir samskiptum við Persónuvernd. Hann vinnur með Persónuvernd, t.d. vegna beiðni um fyrirfram samráð, og getur ávallt leitað til Persónuverndar til að fá ráðgjöf.
- Við framkvæmd verkefna sinna tekur persónuverndarfulltrúinn viðeigandi tillit til þeirrar áhættu sem getur falist í vinnslunni og tekur mið af umfangi, samhengi og tilgangi hennar.
- Einstaklingar, starfsmenn og Persónuvernd skulu eiga auðvelt með að hafa samband við persónuverndarfulltrúann og skulu upplýsingar um hann birtast á vef Garðabæjar.

Það sem helst reynir á í starfi persónuverndarfulltrúa hjá Garðabæ er:

- Afgreiðsla aðgangsbeiðna, hvað má afhenda og hvort er trúnaðarskylda gagnvart öðrum einstaklingum en aðgangsbeiðanda sé til staðar.
- Fræðsla í skjölum, eyðublöðum og almenn til dæmis á vefsíðu Garðabæjar.
- Mat á áhrifum á persónuvernd, forkannanir og áhættumat.
- Tryggja að samið sé við öruggan vinnsluaðila.
- Gerð vinnsluskráa og vinnslusamninga.
- Öryggisbrestir og önnur atvik.

Fræðsla og leiðbeiningar

Á árinu var persónuverndarfulltrúi tvisvar sinnum með fræðsluinnlegg á fundum skólastjórnenda, annars vegar hjá skólastjórnendum grunnskólanna og hins vegar skólastjórnendum leikskólanna. Þá sendi persónuverndarfulltrúi þegar ástæða var til, upplýsingar og fræðslu um persónuvernd til starfsmanna bæjarins. Þannig vakti persónuverndarfulltrúi athygli skólastjórnenda á nýjum leiðbeiningum Persónuverndar, umboðsmanns barna og Fjölmíðlanefndar fyrir foreldra, ábyrgðaraðila og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi sem varða persónuvernd, Netið, aldursmerkingar, samfélagsmiðla og börn.

Persónuverndarfulltrúa berast fjölmargar fyrirspurnir frá ýmsum starfsmönnum bæjarins um hin ýmsu persónuverndarmál. Af handahófi má nefna fyrirspurnir hvort afla megi upplýsinga hjá starfsmönnum um bólusetningar vegna Covid, hvaða reglur gildi um birtingu gamalla bekkjarmynda, persónuupplýsingum um börn miðlað í lokuðum hóp á facebook og hvort sá sem vekur athygli á óleyfisframkvæmd eigi rétt á nafnleynd.

Úttekt Persónuverndar

Viðamesta verkefni ársins var án efa úttekt Persónuverndar. Þann 25. febrúar 2022 tilkynnti PV að stofnunin hefði ákveðið að hefja úttekt á notkun sex sveitarfélaga eða grunnskóla þeirra á notkun skýjaþjónustu í grunnskólastarfi og var Garðabær á meðal þeirra. Hin sveitarfélögin eru Akureyri, Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður og Reykjanesbær. Með bréfi PV fylgdi ítarlegur spurningarlisti sem laut að persónuverndarsjónarmiðum varðandi val og notkun á skýjaþjónustu (e. cloud based service) í grunnskólastarfi.

Íslenska Persónuverndin er þátttakandi í samræmdum aðgerðum Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) sem ákvað á árinu 2022 að setja „notkun opinberra aðila á skýjaþjónustu“ í forgang. PV ákvað að beina úttekt sinni að stærri sveitarfélögum landsins og notkun þeirra á skýjaþjónustu í grunnskólastarfi en evrópska úttektin beinist að fjölmörgum atvinnugeirum, t.d. fjármálaþjónustu, heilbrigðisstarfsemi, menntun og upplýsingatækni.

Ljóst var að mikil vinna fylgdi því að svara spurningalista PV. sveitarfélögin leituðu því fljótlega eftir samstarfi hvert við annað og að Sambandið legði þeim lið m.a. með lögfræðilegri aðstoð og að halda utan um svörin við spurningarlistanum. Mikil samskipti og fjölmargir Teams fundir

fylgdu í kjölfarið til undirbúnings svörum sem send voru til PV þ. 29. apríl. Auk þessa naut Garðabær aðstoðar Jóns Kristins Ragnarssonar ráðgjafa hjá ION ráðgjöf.

PV beindi frekari spurningum til Garðabæjar og hinna sveitarfélaganna þ. 19. maí sem snérust aðallega um vinnslu í Google Workspace. Svarbréf var sent PV þ. 16. júní.

Enn á ný beindi PV viðbótarspurningum varðandi vinnslu í Google Workspace þ. 4. ágúst til sveitarfélaganna að undanskildri Akureyri. Svör voru send Persónuvernd þ. 25. ágúst og þegar þetta er ritað er enn beðið eftir niðurstöðu PV á úttektinni.

Áhættumat og MÁP hugbúnaðarlausna/kerfa

Mikilvægt er að hugbúnaðarlausnir séu áhættumetnar og framkvæmt sé svokallað MÁP (mat á áhrifum á persónuvernd) þegar þess er þörf. Komið hefur fyrir að hugbúnaður hafi verið tekin í notkun án aðkomu bæjarskrifstofunnar en verkefnastjóri stafrænna lausna, persónuverndarfulltrúi og tölvudeild hafa lagt áherslu á að áhættumat og MÁP fari fram miðlægt á bæjarskrifstofunni og áður en hugbúnaður er tekinn í notkun.

Í úttekt PV er lögð mikil áhersla á öryggi gagna og hvar þau eru vistuð. Lögð hefur því verið enn ríkari áhersla á þessa þætti í áhættumati hugbúnaðar og við gerð MÁP. Jón Kristinn Ragnarsson hefur lagt Garðbæ lið við að áhættumeta hugbúnað.

Sveitarfélögin eiga með sér samstarf um stafrænar lausnir/umbreytingu og er á vefsíðu stafrænna sveitarfélaga m.a. að finna upplýsingasíðu um áhættumöt fjölda kennsluappa, bæði fyrir leikskóla- og grunnskólabörn.

Fyrsta samstarfsverkefni sveitarfélaganna í stafrænni umbreytingu var umsókn um fjárhagsaðstoð. Lausnin er hýst og viðhaldið á miðlægum stað um leið og tæknilegir innviðir island.is er nýttir. Nokkur sveitarfélög hafa tekið upp lausnina. Þar sem umsókn um fjárhagsaðstoð inniheldur mjög viðkvæmar persónuupplýsingar hefur Garðabær viljað fara varlega í sakirnar og hnýta alla lausa enda áður en lausnin verður tekin upp.

Öryggisbrestir og frávik

Í skýrslu persónuverndarfulltrúa fyrir árið 2021 var greint frá því að gerð hefði verið fjandsamleg netárás erlendra aðila á Strætó í lok ársins. Árásaraðilarnir komust yfir kerfi Strætó sem hýsir gögn sem tengjast akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra sem Strætó hefur sinnt fyrir hönd Garðabæjar, Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæ og Seltjarness á tímabilinu 2014-2021. Strætó tilkynnti innbrotið til Persónuverndar, lögreglunnar og netöryggissveitarinnar CERT-IS. GB telst ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna skjólstæðinga sinna, sem Strætó vinnur með fyrir hönd sveitarfélagsins. Í samræmi við skyldur sínar tilkynnti Garðabær einnig til PV um öryggisbrestinn í samráði við Strætó. Tilkynna varð notendum akstursþjónustu Strætó á vegum Garðabæjar um netárásina sem gert var á fyrstu dögum ársins 2022 auk þess sem tilkynning til notenda um árásina var birt á vefsíðu Garðabæjar. Ekkert hefur komið fram að árásaraðilarnir hafi misnotað þær upplýsingar sem þeir komust yfir.

Að öðru leyti var ekki um öryggisbresti eða frávik að ræða á árinu.

Úrskurðir Persónuverndar (PV) og úrskurðarnefndar um upplýsingamál (ÚNU)

Á árinu gengu 2 úrskurðir hjá PV og ÚNU afgreiddi 4 mál sem öllum var vísað frá.

- Í úrskurði PV frá 17. febrúar 2022 úrskurðaði PV um miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga til sáttamiðlara vegna samskiptavanda milli starfsfólks grunnskóla og foreldra nemanda. PV komst að þeirri niðurstöðu að miðlunin hefði verið nauðsynleg vegna lagaskyldu sveitarfélagsins sem lýtur að rekstri og framkvæmd grunnskólastarfs, með vísan til þess að bæði grunnskólinn og kvartandi hefðu borið ríkar skyldur, lögum samkvæmt, til samstarfs og samráðs. Hins vegar vísaði PV frá þeim hluta kvörtunarinnar sem laut að miðlun á lýsingu starfsfólks grunnskóla á samskiptum sínum við foreldra til stéttarféлага starfsfólksins á þeim grundvelli að PV taldi sig ekki bæra að úrskurða um hvort einstaklingar eða lögaðilar hafi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns samkvæmt stjórnarskrá.
- Úrskurður PV frá 14. mars 2022 varðaði kvörtun foreldra um að upplýsingar um greiningu nemanda í aðgerðaráætlun hafi verið send foreldrum annarra barna sem áætlunin varðaði án þess að upplýsingarnar væri afmáðar. Skólinn brást við um leið og atvikið uppgötvaðist, tölvupósturinn afturkallaður og rétt skjal sent. Haft var samband við viðtakendur póstins og þeir staðfestu að hafa ekki lesið hann og að þeir myndu eyða honum ef afturköllun gengi ekki eftir. Atvikið var tilkynnt PV sem öryggisbrestur, foreldrar barnsins upplýst og beðin afsökunar. PV sá ekki tilefni til aðgerða við tilkynningu öryggisbrestsins en endurskoðaði afstöðu sína og tók upp málið þegar kvörtun frá foreldrunum kom fram.

ÚNU afgreidd 4 mál á árinu sem varða Garðabæ og var þeim öllum vísað frá.

Áherslur næsta árs

Áhersluatriði næsta árs eru eftirfarandi:

- Ytri og innri fræðsla um persónuvernd, þ.e. gagnvart starfsmönnum og viðskiptavinum GB.
- Viðhald vinnsluskráa.
- Úrvinnsla úr niðurstöðum úttektar Persónuverndar.